Fimmtudaginn 26. nóvember 1998.

Nr. 457/1998. **Ákæruvaldið**

gegn

X

Kærumál. Réttargæslumaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með kæru Y 19. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum sama dag. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1998, þar sem hafnað var beiðni kærandans um, að henni yrði skipaður talsmaður eða réttargæslumaður á kostnað ríkisins til að gæta hagsmuna hennar sem ætluðum brotaþola í máli ákæruvaldsins á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærandi krefst þess, að fyrrgreind krafa sín verði tekin til greina og sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Sóknaraðili og varnaraðili hafa hvorugur látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Í málinu er varnaraðili sóttur til saka fyrir að hafa drýgt á árunum 1988 til 1995 kynferðisbrot gegn kæranda, sem er fædd 1979. Rannsókn málsins hófst hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 28. febrúar 1997, og var gefin út ákæra á hendur varnaraðila 12. ágúst sama árs. Dómur gekk í málinu fyrir héraðsdómi 1. apríl 1998. Héraðsdómurinn var ómerktur með dómi Hæstaréttar 17. september 1998, og var málinu heimvísað til frekari gagnaöflunar, nýrrar aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 1998 var þess farið á leit fyrir hönd kæranda, að henni yrði skipaður talsmaður eða réttargæslumaður til að gæta hagsmuna hennar. Þau rök voru þar í meginatriðum færð fyrir beiðninni, að vegna dóms Hæstaréttar yrði að taka skýrslur að nýju fyrir héraðsdómi af varnaraðila og öll-

um vitnum í málinu, þar á meðal kæranda, auk þess að leitast ætti við að afla tiltekinna gagna, sem í flestum atriðum varði hagi hennar og persónu. Aðstæður væru því slíkar, að brýn nauðsyn væri til, að lögmaður gætti hagsmuna kæranda, en þess háttar hagsmunagæsla fengi ekki samrýmst hlutverki saksóknara. Heimild væri að vísu ekki í lögum nr. 19/1991 til að skipa lögmann til aðstoðar brotaþola á kostnað ríkisins, en ekki yrði litið svo á, að allt, sem ekki sé sérstaklega leyft, sé bannað.

Beiðni kæranda var tekin fyrir í héraðsdómi 18. nóvember 1998. Í því þinghaldi var fært til bókar, að dómendur tækju fram, að lagaheimild væri ekki til að verða við beiðninni og væri henni hafnað. Þetta er sú ákvörðun, sem kærð er í málinu.

II.

Í lögum nr. 19/1991 eru engin fyrirmæli um heimild handa lögreglu eða dómstólum til að tilnefna eða skipa réttargæslumann til að gæta hagsmuna þess, sem telur refsiverða háttsemi hafa beinst að sér. Stoð fyrir slíkri tilnefningu eða skipun verður ekki heldur fengin með lögjöfnun frá fyrirmælum VI. kafla laganna um tilnefningu réttargæslumanns og skipun verjanda fyrir sakaðan mann eða ákærðan, enda verður stöðu brotaþola í máli ekki jafnað við stöðu þess, sem sökum er borinn. Þótt almennt verði færð gild rök fyrir nauðsyn þess, að ætluðum brotaþola sé tryggð aðstoð lögmanns við rekstur opinbers máls, er ekki á valdi dómstóla að verða við beiðni um skipun talsmanns eða réttargæslumanns í því skyni gegn greiðslu af almannafé, nema fyrir því sé viðhlítandi réttarheimild. Hana skortir til að verða við kröfum kæranda. Hin kærða ákvörðun verður því staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.